

Annar fundur Deltadeildar starfsárið 1999-2020
miðvikudaginn 27. nóvember kl. 18 að Varmalandi í Borgarfirði, í Grunnskóla
Borgarfjarðar, Varmalandsdeild. Gestgjafi Ingibjörg Adda Konráðsdóttir deildarstjóri
þar.

Fundarefni: nýjung í starfsháttum á unglingstigi í Grunnskóla Borgarfjarðar -
Smiðjuhelgar
Undirbúningur fyrir vor-ráðstefnu Landssambands DKG á Íslandi
Minning um móður – í aðdraganda jóla

Dagskrá:

- Stutt kynning á aðstöðu. Ingibjörg Adda leiddi okkur um húsakynninn.
- Fundur settur - kveikt á kertum – Jensína Valdimarsdóttir
- Söngur – Jónína Erna
- Ávarp formanns. Jónína Eiríksdóttir
 - Farið yfir dagskrá kvöldsins og vetrarins framundan. Skjal er tilbúið til birtingar á vef sem skjal og á viðburðadagatal. Starf Deltakvenna á landsvísu: Theodóra Þorsteinsdóttir í stjórn, Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri, Valgerður Janusdóttir í námsstyrkjanefnd, Sigrún Jóhannesdóttir í laganefnd, Jónína Eiríksdóttir í uppstillingarnefnd
 - Kveðjur frá þeim sem eru ekki. Dagný, Gunnhildur, Gyða, Hildur (við höfum ekki heyrt frá henni), Ingibjörg Kristleifsd., Jóhanna, Sigurveig, Soffía, Valgerður,
 - Jónína Erna tekur sæti Þórunnar skv. ákvörðun stjórnar á fyrsta stjórnarfundum fyrir u.þ.b. ári. Uppstillingarnefnd hefur verið virkjuð og tekur til skoðunar með Jónínu Ernu, hvort formannsefni sé þar komið. Dagný telst vera búin með sína stjórnarsetu í bili, ef við miðum við tvö kjörtímabil í stjórn. Í lögum segir: „Kjörtímabil er tvö ár eða þar til eftirmaður hefur verið fundinn. Enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum“.
- Fundargerð síðasta fundar: Elísabet Jóhannesdóttir las hana.
- Smiðjuhelgar í Grunnskóla Borgarfjarðar. Ingibjörg Adda sagði frá nýjungu í skólastarfi á unglingastigi. Mjög athyglisverð.
- Vorráðstefna Delta Kappa Gamma á Íslandi, sem haldin verður á hóteli B59 í Borgarnesi, laugardaginn 9. maí 2020.
 - Verkefnum var lýst á fundinum í okt. í Reykholti. Stjórnin setti niður nokkra hóp. Lesa þá yfir og hvað það þýðir. Settur hefur verið tengiliður stjórnar á hvern hóp. Blað var látið ganga, sem konur skráðu sig á. Allir skrái sig í einn hóp og eftir áramótin ætti hver hópur að geta hafist handa við hugleiðingar og undirbúning. Tengill hvers hóps kallar hópinn saman.
- Tillögur að bókum til að lesa yfir jólin, Halldóra lagði til tvær bækur: Systa bernskunnar vegna eftir Vigdísu Grímsdóttur og Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Á fundi eftir áramót höfum við umræður um þessar bækur.
- Móðir mín og jólin heima.
 - Ljóðið hans Davíðs um jólin heima hjá mömmu - lesið (JE) Hver og einn félagi segir frá og kemur með grip, sem tengist minningunni - 3 mín. á hvern.

Sigrún sagði frá skemmtilegri jólaminningu tengdum bréfum frá Englandi og forlátri könnu með Georg 6., Gulla sagði frá skemmtilegum minningum um jólin sem tengjast kannski aðallega föður hennar—en fær síðar að segja betur frá móður sinni. Rut deildi með okkur fallegum þýskum jólasíðum og minningum um móður sína og miklum söng á jólinum. Bók með þýskum jólalögum var látin ganga á milli. Ásta deildi fallegum minningum um móður sína og hversu miklu hún afkastaði fyrir jólin án þess að nokkur tæki einhvern veginn eftir því. En hún starfaði sem saumakona og oft var mikið að gera í starfinu fyrir jólin, en þrátt fyrir það gekk jólaundirbúningurinn snuðrulaust fyrir sig.

Fundi slitið, slökkt á kertum.

- Matur, matarmikið salat á Hótel Varmalandi og undir borðum var happdrættið okkar, Theodóra kom með vinning og Sigrún vann!
- Heimferð um kl. 20:30